



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026
Garðyrkjuskólinn Reykjavík



SKÓG3UN05

Umhirða og nýting skóglendis

Kennari:	Björgvin Örn Eggertsson boe@fsu.is
----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
SKÓG3UN05 – Umhirða og nýting skóglendis	5 fein	3
Lýsing Í áfanganum eru tekin fyrir ræktun og endurnýjun skóga út frá mismunandi markmiðum og leiðum skógræktar. Fjallað er um helstu skógræktaraðferðir og skógræktarkerfi heimsins m.t.t. endurnýjunar skóglendis. Skoðuð er umhirða skóga út frá ólíkri tegundasamsetningu og markmiðum skógræktar. Fjallað um grenndarskóga, hlutverk þeirra og markmið, öruggt aðgengi að slíkum skógum og vinnu með hagsmunaaðilum í grenndarskógum. Kennd er grisjun ungra og eldri skóga, útdráttur trjábola úr skógi og nýting þeirra og notkun véla og verkfæra í skógarhöggi. Nemendur fá æfingu í vaxtarmælingum trjáa, mati á grisjunarþörf og grisjun með kjarsög og keðjusög og útdrætti og flutningi trjábola úr grisjuðum skógi. Umfjöllun um öryggismál í tengslum við vinnu í skógi.		
Forkröfur VIVE1FV02 (Vinna og verkstjórn), KLIP3FE01 (Trjáfellingar), SKÓG3NÝ04 (Nýrækt skóga), SKÓG3VV02 (Viðarvinnsla).		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Mismunandi leiðum til skógræktar og endurnýjunar skóga. - Umhirðu skógar út frá ólíkum markmiðum og tegundasamsetningu. - Grenndarskógum, markmiðum, tilgangi og vinnuþáttum. - Skógarmælingum, þ.e. mælingum á vexti trjáa og þéttleika skógar. - Hvernig grisjunarþörf skóga er metin. - Vélum og verkfærum í skógarhöggi. - Grisjun eldri og yngri skóga með viðeigandi tækjum og verkfærum og flutningi timburs úr skógi og með öryggi að leiðarljósi.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Bera saman mismunandi leiðir til skógræktar og endurnýjunar skóga út frá ólíkum markmiðum, sem metið er með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi. - Vinna með hagsmunaaðilum í grenndarskógum í samræmi við markmið og tilgang slíkrar vinnu, metið með verklagi, útsjónarsemi og samskiptahæfni. - Annast mælingu, grisjun og umhirðu skóglendis eftir ólíkum markmiðum og tegundasamsetningu sem metið er með	

Nýtingu timburs úr skógum.	→ - frammistöðu í verklegum æfingum og rökstuðningi. - Geta dregið út og metið nýtingargildi trjábola með hagkvæmni að leiðarljósi, sem metið er með frammistöðu í verklegum æfingum og rökstuðningi. - Velja og nota viðeigandi verkfæri og tæki við skógarhögg með öryggi að leiðarljósi, sem metið er með frammistöðu í verklegum æfingum og rökstuðningi.
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Skoða mismunandi leiðir til skógræktar og endurnýjunar skóga. - Hirða um skóg út frá ólíkum markmiðum og tegundasamsetningu. - Beita aðferðum skógræktar við vinnu í grenndarskógum. - Nota verkfæri og vélar við umhirðu skóga og skógarhögg. - Mæla stærð trjáa og þéttleika í skógi og meta grisjunarþörf. - Grisja skóg, stunda skógarhögg, útdrátt og útakstur trjábola á öruggan hátt. - Nýta timbur úr skógum á hagkvæman hátt.	
Námsmat Kynning, skriflegt próf, verklegt próf	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verkefnum og verklegum æfingum í skógi. Mikilvægt að brýna öryggismál fyrir nemendum við alla vinnu með verkfærum og tækjum í skógi.	
Tenging við grunnþætti Læsi – nemendur verða læsir á umhirðuþörf skóga og geta brugðist við henni á viðeigandi hátt. Lýðræði og mannréttindi – fjallað er um skóga út frá mismunandi þörfum og hagsmunum notenda. Heilbrigði og velferð – við alla vinnu í skógi þarf að hafa öryggi að leiðarljósi til að tryggja heilbrigði og velferð skógarstarfsfólks.	
Dags.: Höfundar: Úlfur Óskarsson og Guðríður Helgadóttir	

Námsefni:

- Skógarbók Grænni skóga.
- Skógarauðlindin
- Efni frá kennara og á netinu.

Vika	dags.	tími	efni	kst.	kennari
1	9. jan.	9:00-15:45	Lotuvika Kjarrsögun, grisjun, kynning. (Inngangur)	8	BÖE
2	15. jan.	9:00-15:45	Mælingar á skógi #1	8	BÖE
3	23. jan.	9:00-14:10	Skógræktarkerfi - silvicultur	6	ÚÓ
4	29. jan.	9:00-14:10	Umhirða skóga, út frá tegundasamsetningu og markmiðum	6	BÖE
5	6. feb.	9:00-15:45	Lotuvika Skógmælingar, verklegt Lengdur dagur	8	BÖE
6	12. feb.	9:00-15:45	Útkeyrsla, útdráttur og spilun	8	BÖE
7	19. feb.	9:00-14:10	Vélar og verkfæri við grisjun, skógarhögg. Öryggismál	6	BÖE
8	26. feb.	9:00-14:10	Grisjun ungra og eldri skóga	6	BÖE
9	5. mars	9:00-14:10	Mat á grisjunarþörf	6	BÖE
10	13. mars	9:00-15:45	Lotuvika Grisjun, útdráttur + útkeyrsla	8	BÖE
			Grenndarskógar		
			Asparskógrækt í stuttri lotu		
samtdls				70	
16	21. apríl	9:00	Próf	4	BÖE

Verkefni

Nemendur skrifa skýrslur um þær vettvangsferðir sem farnar verða.

Námsmat

Skýrslur gilda 20% af lokaekunn. Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi sem gildir 80% af lokaekunn. Lámarkseinkunn í áfanganum er 4,5.

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir. Efnistöð í tímum þurfa ekki endilega að fara saman við kennsluáætlun, og geta hnikast til eftir atvikum.

Vettvangsferðir og verklegar æfingar: Þrjár verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins. Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og vettvangsferðir í lotuvikum.

Upptökur: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 29. desember 2025

Björgvin Örn Eggertsson